


LOKASKÝRSLA TIL SPROTASJÓÐS 2012



Nafn skóla: Háteigsskóli

Nafn verkefnisins: Ábyrg og jákvæð notkun netsins og annarra nýmiðla

Nafn verkefnisstjóra: Guðberg K. Jónsson

Númer samnings og hvaða ár verkefnið hlaut styrk: No. 116. 2011-2012

Markmið verkefnis samkvæmt umsókn: Markmið verkefnisins er að útbúa námseiningar fyrir yngsta- og miðstig grunnskóla. Um er að ræða lestrarbók sem tekur á ábyrgri og jákvæði notkun netsins og annarra nýmiðla og handrit og framkvæmdaráætlun að jafningjafræðsluleikriti, sem ætlað er til uppsetningar af leiklistarhóp við áhugasama skóla. Bæði lestrarbók og leikrit verða send á alla grunnskóla landsins. Í kynningarherferð um verkefnið munu fulltrúar Ungmennaráðs SAFT setja upp leikritið og halda jafningjafræðsluerindi við valda skóla um allt land. Unnið verður með efnisatriði á borð við netsiðferði, gagnrýna hugsun og ábyrgri endurnýtingu á nýmiðlunarraftækjum. Verkefnið er unnið í samstarfi Háteigsskóla, SAFT, Heimili og skóla, Barnaheill, Lýðheilsustöð, Græna framtíð og Félag um leiklist í skólasterfi. Undirbúningur verkefnis er þegar hafin. Sérstök áhersla er lögð á að vinna með jákvæð skilaboð um netið í stað hræðsluáróðurs og ábyrga förgun á raftækjum. Í samstarfi við Græna framtíð verður skólum samhliða boðið að safna gömlum raftækjum af heimilum sínum sem komið verður í endurvinnslu þar sem að verðmætir málmar eru endurunir og spilliefnum fargað á réttan hátt. Ágóða söfnunar, þ.e. endurvinnslugjald/skilagjald, verður ráðstafað í nemendasjóð þátttökuskóla eða samkvæmt ósk viðkomandi þátttökuskóla.

Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði: Þverfaglegur hópur kom að skipulagi og framkvæmd verkefnis. Lestrarbók og leikriti var dreift í tveimur eintökum á alla bekkir grunnskóla á miðstigi. Samhliða var verkefnið kynnt í fjölmiðlum og með markpósti á skólastjórnendur, kennara og foreldrafélög um allt land. Fyrsta eintak var afhent menntamálaráðherra við sérstaka frumsýningu í Háteigsskóla. Leikstjóri og fulltrúi ungmennaráðs fóru hringferð um landið og héldu sýningu í samstarfi við valda skóla um allt land ásamt jafningjafræðsluerindi.

Frávik miðað við áætlun verkefnisins: Einungis er um jákvæð frávik að ræða. Verkefnið hefur vakið það mikla athygli og áhuga að SAFT sér fram á að halda áfram að setja upp leikritið og jafningjafræðslu skólaveturinn 2012-2013. Þegar er búið að bóka sýningar við alla grunnskóla í Grafarvogi og Garðabæ það sem af lifir ári.

Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins: Samstarfsaðilum þóttu skólar vera seinir að taka við sér þegar þeim var boðin uppsetning á leikriti og jafningjafræðslu. Við nánari greiningu kom í ljós að ekki kom nægilega skýrt fram í kynningarefni að þetta yrði skólum að kostnaðarlausu og að umfang undirbúnings var nánast ekkert af hálfu skólans.

Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu: Fyrir á árinu voru birtar nýjar tölur um rannsóknir á einelti í grunnskólum landsins. Meðal helstu niðurstaðna var að einelti hefði minnkað um ¼ frá 2010. SAFT og Heimili og skóla hafa lagt mikla áherslu á að vinna kennsluefni og efla til vakningarátaks um einelti, síðan SAFT grunnskólarannsókn gaf til kynna aukningu á einelti milli 2003 og 2007. Það hefur verið gert m.a. með útgáfu kennsluefnis fyrir fyrsta- og unglingastig, þar sem m.a. er fjallað um einelti, útgáfu

fræðsluefnis fyrir kennara og foreldra og staðið fyrir borgarafundum í kringum landið í samstarfi við mennta- og menningarmálaráðuneytið og Samtök sveitarfélaga. Verkefnið sem gert er grein fyrir hér er því liður í baráttu geng einelti, enda málaflokkurinn rauði þráðurinn í bæði bókinni og leikritinu.

Mat á verkefninu samkvæmt umsókn: Margt bentir til þess að verkefnið muni hafa áhrif á skólastarfið í heild og til náinnar framtíðar. Bókin hefur til að mynda náð að festa sig víða sem hluti af lestrarkennslu og/eða í sögustund, og þannig tryggt að umfjöllunarefni hennar og þau heilræði sem henni fylgja verða áfram til umræðu.

Niðurstöður verkefnisins: Það er mat samstarfsaðila verkefnis og þeirra skólastjórnenda, foreldra og barna sem þátt hafa tekið að verkefnið hafi skilað miklum árangri og framkvæmd verið til fyrirmyndar. Til marks um það má geta þess áhuga sem enn er vaxandi hvað uppsetningu verkefnis varðar, áhugi sem er þess eðlis að huga þarf nú að endurprentun á bókinni og handriti, því allt efni er uppuríð. Efnið hefur einnig verið kynnt í því sam-evrópska samstarfsnetverki sem SAFT starfar við og vakið mikla athygli. Efnið var m.a. nýverið valið annað besta kennsluefni framleitt á árinu af netverkinu, sem samanstendur af 31 þjóð. Þá var efnið tilnefnt til Diana Awards í Bretlandi og e-Inclusion Awards 2012 hjá Evrópusambandinu. Nokkrar þjóðir hafa beðið um þýðingu á verkefninu til þess að setja upp, m.a. Írland, Eistland og Búlgaría. Til stendur að vekja athygli á þeim góða árangri sem náðst hefur hér heima og í alþjóðlegu samhenginu á næstu dögum, m.a. til þess að leggja áherslu á að verkefnið mun halda áfram á meðan það er áhugi frá skólunum og fjármagn leyfir.

Fylgiskjöl: Rekstrarreikningur, Rusleyjan, Heimkoman, kynningarefni og kynningarmyndband frá Ungmennaráði SAFT (<http://youtu.be/bLeSOISPjTo>).